

BRIDGESKÓLINN

stig 2

vinnubók

Einn yfir einum

6

Tveir yfir einum

7

Kröfugrand við hálit

8

Stayman og yfirfærslur

9

Slemmusagnir

10


Guðmundur Páll Arnarson

Bridgeskólinn

stig 2



2022





Bridgeskólinn
GPA@simnet.is
898-5427

GPA-útgáfa
bridge sf. 2022
© Guðmundur Páll Arnarson

ISBN 978-9935-9333-8-6

Efni

Kennslustundir 6-10

- 6) Einn yfir einum
- 7) Tveir yfir einum
- 8) Kröfugrand
- 9) Stayman og yfirfærslur
- 10) Slemmusagnir

Viðaukar

Kerfistöflur

Nafn

Sími

Net

SJÖTTA KENNSLUSTUND

Einn yfir einum

EINN-YFIR-EINUM er opnun á einum í lit og svar á öðrum lit á fyrsta þrepi. Til dæmis: $1\clubsuit-1\heartsuit$ eða $1\diamondsuit-1\spadesuit$. Opnun á einum í lit liggur á víðu punktabili (12-20 HP), en í næstu sögn reynir opnari að sýna hvar á þessu breiða bili hann liggur. Opnari getur sett spilin í þrjá styrkleikaflokka þegar hann styður hálit makkers og þegar hann á jafna skiptingu. Í öðrum stöðum verður hann að láta tvo flokka duga: þegar hann endursegir litinn sinn eða segir nýjan lit.

Um er að ræða fjórar sagnstöður:

(A) Litur svarhandar studdur

OPNARI	SVARHÖND
1 ♣	1 ♥

næsta sögn opnara ...

... 2♥ = 12-14 HP

... 3♥ = 15-17 HP

... 4♥ = 18-19 HP

(B) Grandsagnir opnara

OPNARI	SVARHÖND
1 ♣	1 ♥

næsta sögn opnara ...

... 1G = 12-14 HP

... 2G = 18-19 HP

opnun 1G = 15-17 HP

(C) Endursögn opnunarlitar

OPNARI	SVARHÖND
1 ♣	1 ♥

næsta sögn opnara ...

... 2♣ = 12-16 HP

... 3♣ = 14-18 HP

(D) Nýr litur opnara

OPNARI	SVARHÖND
1 ♣	1 ♥

næsta sögn opnara ...

... 1♠ = 12-16 HP

... 2♠ = 17-20 HP

Innrömmun og blæðing

Þótt flestar sagnir segi einhverja sögu um punkta og lengd lita er lýsingin þó misjafnlega nákvæm. Opnun á 1G er þröngt afmörkuð við 15-17 HP og jafna skiptingu. Til samanburðar er opnun á 1♣ víðfeðm að merkingu, sýnir 12-20 HP og skiptingin getur verið hvort heldur jöfn eða ójöfn. Augljóslega er auðveldara fyrir svarhönd að sjá hvað spilin þola á móti grandopnun en laufopnun. Svo dæmi sé tekið: Makker opnar á 1G og þitt er að svara með ...

♠K76 ♥K92 ♦K87 ♣G1093

Þetta eru 10 hápunktar flatir og þú segir að sjálfsgöðu 3G. Enginn annar áfangastaður kemur til greina, skiptingin er jöfn og samantlagður styrkur alla vega 25 HP. Ef makker opnar hins vegar á 1♣ er ekki hægt að taka svo afdrifaríka lokaákvörðun með þessa hönd. Það getur verið rétt að spila bót, geim eða jafnvel slemmu. Með öðrum orðum: spilið kallar á frekara samtal.

Gagnlegt er að skipta sögnum í tvo meginflokka eftir því hversu nákvæmar upplýsingar þær veita. Sagnir sem eru svo þröngt afmarkaðar að gera makker kleift að velja lokasögn (eða a.m.k. setja stefnuna á takmarkað úrval áfangastaða) eru **innrammaðar**. Aðrar sagnir eru **blæðandi**.¹ Opnun á 1G er dæmigerð innrömmuð sögn, opnun á 1♣ er blæðandi. Um leið og annar spilarinn í parinu hefur „rammað sig inn“ getur hinn tekið að sér húsbóndavaldið og leitt sagnir til lykta. Ef við skoðum byrjunina „einn-yfir-einum“ sést greinilega að báðar sagnir eru blæðandi, bæði opnunin og svarið. Það er þriðja sögnin sem rammar inn spilin.

DÆMI UM INNRÖMMUN: 1♣–1♥ | 1G = 12-14 HP og jöfn skipting

1) Orðin „innrömmun“ og „blæðing“ eru fengin að láni úr prentmáli – ljósmynd er ýmist innrömmuð eða látin blæða út fyrir síðujaðrana.

(A) Litur svarhandar studdur

Sagnir byrja látlaust með opnun á lit og svári í öðrum lit á fyrsta þrepi—einn-yfir-einum. Með fjórlitarstuðning getur opnari nú sett spil sín í þrjá styrkleikaflokka: hann getur sýnt lágmark (12-14 HP), miðlungsopnun (15-17 HP) og hámarksopnun (18-19 HP). Lítum á dæmi:

LÁGMARKSOPNUN
♠ Á K 7 3
♥ 10 8 6 5
◇ G 2
♣ Á G 10

OPNUN SVAR

1♣ 1♥

og næsta sögn opnara ...

... 2♥ = 12-14 HP, fjórlitur í hjarta

MIÐLUNGSOPNUN
♠ Á 7 3
♥ K G 7 4
◇ 9
♣ Á K G 8 6

OPNUN SVAR

1♣ 1♥

og næsta sögn opnara ...

... 3♥ = 15-17 HP, fjórlitur í hjarta

HÁMARKSOPNUN
♠ K 3
♥ Á D 10 7
◇ Á D 6
♣ K 10 9 8

OPNUN SVAR

1♣ 1♥

og næsta sögn opnara ...

... 4♥ = 18-19 HP, fjórlitur í hjarta

Tökum eftir því að hækkun í 3♥ með miðlungsopnun lofar óbeint ójafnari skiptingu, því með *flata* 15-17 HP væri rétta opnunin 1G. Hækkun í 2♥ getur verið byggð á hvort heldur jafnri eða ójafnari skiptingu, en sterka stökkið í 4♥ er alltaf jöfn skipting—og þar með 18-19 HP, frekar en 18-20, enda opnað á 2G með 20-22 flata.

(B) Grandstöður

Reynslan kennir að 25 HP þurfi til að reyna 3G. Þessa tölu ber að taka háttíðlega, enda eru háspilapunkturarnir glettilega nákvæmur mælikvarði á slagkraftinn ef skiptingin er jöfn á báðum höndum. Hver gosi skiptir máli. Af þessu leiðir að kerfið verður að búa yfir aðferðum til að lýsa punktastyrk grandhanda af mikilli nákvæmni. Opnanir á 1G og 2G eru góðar í þessum efnum, sýna styrk á 3ja punkta bili (1G=15-17; 2G=20-22). Með 12-14 og 18-19 er opnað á lit og grand meldað í næstu sögn, eitt til tvö eftir styrk. Dæmi ...

♠ K 10 3	13 HP
♥ G 7	
♦ K D 8 3	
♣ Á 10 6 2	

OPNUN **SVAR**
1♦ 1♥
og næsta sögn opnara ...
... **1G** = 12-14 HP

♠ D 10 8	15 HP
♥ K 6	
♦ Á D 3	
♣ K G 10 5 2	

OPNUN
1G = 15-17 HP

♠ K 7 3	18 HP
♥ Á D G 6	
♦ K 9 8	
♣ Á G 4	

OPNUN **SVAR**
1♣ 1♠
og næsta sögn opnara ...
... **2G** = 18-19 HP

♠ K D 9 2	21 HP
♥ Á D	
♦ Á 10 8	
♣ Á D 5 4	

OPNUN
2G = 20-22 HP

Með enn sterkari jafnskiptar hendur er opnað á 2♣.

(C) Opnunarliturinn sagður aftur

Þar sem opnari á 1♣ og 1♦ eru gjarnan reistar á jafnri skiptingu verður opnari að segja frá því skýrt og skörinort í næstu sögn ef hann á langan lit. En styrkleikaflokkarnir eru aðeins tveir: róleg endursögn á tveimur eða stökk í þrjá. Upp á fjórða þrep fer opnari aldrei á meðan 3G er möguleg lending.

Róleg endursögn liggur frá 12 hápunkta lágmarksopnun upp í allgóða miðlungsopnun, jafnvel 16-17 HP. Stökk í þrjá sýnir ekki endilega fleiri punkta (styrkurinn er 14-18 HP), heldur betri lit og meiri slagkraft. Sögnin er ekki krafa, en það er stutt í 3G.

Lítum á tvær laufopnari, (i) og (ii), sem báðar innihalda 15 HP:

OPNUN (i)	OPNARI	SVARHÖND	SVARHÖND
♠ Á D ♥ 7 3 ♦ Á G 2 ♣ K G 7 6 5 3	1 ♣ 2 ♣	1 ♥ pass	♠ K 10 7 ♥ G 10 9 6 2 ♦ K 7 3 ♣ 9 2
OPNUN (ii)	OPNARI	SVARHÖND	SVARHÖND (SAMA)
♠ G 3 ♥ 4 ♦ Á 6 2 ♣ Á K D G 8 6 3	1 ♣ 3 ♣ pass	1 ♥ 3 G	♠ K 10 7 ♥ G 10 9 6 2 ♦ K 7 3 ♣ 9 2

Þótt punktarnir séu þeir sömu í dæmum (i) og (ii) er mikill munur á litagæðunum. Stökk opnara í 3♣ í síðara dæminu er ekki krafa, en hér lætur svarhönd þó eftir sér að prófa 3G með fyrirstöður í ósögðu litunum. Það heppnast vel, því níu slagir eru líklegir.

(D) Opnari segir nýjan lit

Þegar opnari á tvo litum—minnst 5-4 skiptingu—sýnir hann hámarksopnun með stökki í næsta hring (17-20 HP), en meldar síðari litinn rólega með lágmark og upp í miðlungsopnun (12-16 HP). Stökkið er krafa. Í dæmum (i) og (ii) hér fyrir neðan er opnað á 1♥ í báðum tilfellum og makker svarar með 1♠ ...

(i)	13 HP
♠	8 6
♥	Á K 7 4 2
♦	Á D 3 2
♣	7 5

OPNARI (i)	SVAR
1 ♥	1 ♠
2 ♦ = 12-16 HP	

(ii)	19 HP
♠	5
♥	Á K G 10 6
♦	Á D G 10 4
♣	Á 8

OPNARI (ii)	SVAR
1 ♥	1 ♠
3 ♦ = 17-20 HP	

Augljóslega sýnir opnari alla vega 5-4 skiptingu, enda hefur hann þegar lofað 5-lit í hjarta með 1♥. En hvernig á að túlka sagnröð af þessu tagi ... 1♦-1♥|1♠, eða þá ... 1♦-1♥|2♠. Hefur opnari nú lofað fimm spilum í opunarlitnum?

Svarið er „já“, merki-
legt nokk, því með
jafna skiptingu segir
opnari frekar grand í
næsta hring—eitt til
tvö eftir styrk.

(iii)	12 HP
♠	Á K 7 3
♥	9 4
♦	Á G 7 4 3
♣	10 3

(iv)	18 HP
♠	Á K G 5
♥	7 2
♦	K D G 10 7
♣	Á 4

Hér er opnað á 1♦. Makker svarar á 1♥ og nú segir opnari 1♠ í dæmi (iii), sem sýnir 12-16 HP, 4-lit í spaða OG alla vega 5-lit í tígli. Í dæmi (iv) myndi hann stökkva í 2♠ til að lýsa yfir hámarksopnun (17-20 HP), 4-lit í spaða og OG 5-lit+ í tígli.

Upphitun

SPURNINGAR 1-5

1. dæmi

♠ K 7 6 5

♥ Á 8

♦ D G 9 6 3

♣ K 4

Þú opnar á 1♦ og makker svarar 1♠.

Hver er þín næsta sögn?

sva

2. dæmi

♠ 9

♥ Á G 5 4

♦ Á 6 3

♣ K D G 10 7

Þú opnar á 1♣ og makker svarar 1♥.

Hver er þín næsta sögn?

sva

3. dæmi

♠ K D 4 3

♥ Á K 4

♦ Á 9 8 7

♣ K 3

Þú opnar á 1♦ og makker svarar 1♠.

Hver er þín næsta sögn?

sva

4. dæmi

♠ K 7

♥ D G 10 8

♦ K 6 2

♣ Á 10 9 4

Þú opnar á 1♣ og makker svarar 1♠.

Hver er þín næsta sögn?

sva

5. dæmi

♠ K G 3

♥ 4 3 2

♦ K D 8 6

♣ Á K 6

Hver er opnunin?

sva

Upphitun

SVÖR 1-5

1. dæmi

♠ K 7 6 5

♥ Á 8

♦ D G 9 6 3

♣ K 4

Þú opnar á 1♦ og makker svarar 1♠.

Hver er þín næsta sögn?

svar 2♠ = 12-14 HP, 4-litur í spaða.

2. dæmi

♠ 9

♥ Á G 5 4

♦ Á 6 3

♣ K D G 10 7

Þú opnar á 1♣ og makker svarar 1♥.

Hver er þín næsta sögn?

svar 3♥ = 15-17 HP, 4-litur í hjarta, ójöfn sk.

3. dæmi

♠ K D 4 3

♥ Á K 4

♦ Á 9 8 7

♣ K 3

Þú opnar á 1♦ og makker svarar 1♠.

Hver er þín næsta sögn?

svar 4♠ = 18-19 HP, 4-litur í spaða, jöfn sk.

4. dæmi

♠ K 7

♥ D G 10 8

♦ K 6 2

♣ Á 10 9 4

Þú opnar á 1♣ og makker svarar 1♠.

Hver er þín næsta sögn?

svar 1G = 12-14 HP, jöfn skipting.

5. dæmi

♠ K G 3

♥ 4 3 2

♦ K D 8 6

♣ Á K 6

Hver er opnunin?

svar 1G = 15-17 HP, jöfn skipting.

Upphitun

SPURNINGAR 6-10

6. dæmi

♠ **Á 10 4**

♥ **K G 4**

♦ **K 3**

♣ **Á D G 7 2**

svar

Þú opnar á 1♣ og makker svarar 1♥.

Hver er þín næsta sögn?

7. dæmi

♠ **3**

♥ **K 7 6**

♦ **Á D 9 6 5 2**

♣ **Á D 3**

svar

Þú opnar á 1♦ og makker svarar 1♠.

Hver er þín næsta sögn?

8. dæmi

♠ **7 6**

♥ **10 9**

♦ **Á 4**

♣ **Á K D G 8 7 6**

svar

Þú opnar á 1♣ og makker svarar 1♠.

Hver er þín næsta sögn?

9. dæmi

♠ **K D 4 2**

♥ **6**

♦ **Á G 10 6 5 2**

♣ **Á 8**

svar

Þú opnar á 1♦ og makker svarar 1♥.

Hver er þín næsta sögn?

10. dæmi

♠ **Á D G 2**

♥ **9**

♦ **K D G 7 4**

♣ **Á D 2**

svar

Þú opnar á 1♦ og makker svarar 1♥.

Hver er þín næsta sögn?

Upphitun

SVÖR 6-10

6. dæmi

♠ **Á 10 4**

♥ **K G 4**

♦ **K 3**

♣ **Á D G 7 2**

svar

Þú opnar á 1♣ og makker svarar 1♥.

Hver er þín næsta sögn?

2G = 18-19 HP, jöfn skipting.

7. dæmi

♠ **3**

♥ **K 7 6**

♦ **Á D 9 6 5 2**

♣ **Á D 3**

svar

Þú opnar á 1♦ og makker svarar 1♠.

Hver er þín næsta sögn?

2♦ = 12-16 HP, 5-litur+ í tígli.

8. dæmi

♠ **7 6**

♥ **10 9**

♦ **Á 4**

♣ **Á K D G 8 7 6**

svar

Þú opnar á 1♣ og makker svarar 1♠.

Hver er þín næsta sögn?

3♣ = 14-18 HP, góður 6-litur+.

9. dæmi

♠ **K D 4 2**

♥ **6**

♦ **Á G 10 6 5 2**

♣ **Á 8**

svar

Þú opnar á 1♦ og makker svarar 1♥.

Hver er þín næsta sögn?

1♠ = 12-16 HP, 4-litur í spaða.

10. dæmi

♠ **Á D G 2**

♥ **9**

♦ **K D G 7 4**

♣ **Á D 2**

svar

Þú opnar á 1♦ og makker svarar 1♥.

Hver er þín næsta sögn?

2♠ = 17-20 HP, 4 spaðar og 5+ tíglar.

SPIL 1

Norður gefur

Norður

♠ D G 8 4
 ♥ Á K 3
 ♦ D 10 9 7
 ♣ 6 3

4♠ í suður
 Útspil: ♠D

Vestur

♠ K 7
 ♥ D 5 4
 ♦ 6 4 3
 ♣ D G 10 9 4

Austur

♠ 6 5
 ♥ G 10 9 8
 ♦ Á 8 2
 ♣ K 8 7 2

Suður

♠ Á 10 9 3 2
 ♥ 7 6 2
 ♦ K G 5
 ♣ Á 5

Vestur

—
 Pass
 Pass

Norður

1 ♦
 2 ♠
 Pass

Austur

Pass
 Pass
 Pass

Suður

1 ♠
 4 ♠

Útspil: Laufdrottning

SAGNIR

Norður sýnir 12-14 HP og fjórlit í spaða með hækkun á svarlitnum í tvo. Suður á 12 HP og getur bætt við 2 SP þegar hann fréttir af stuðningi (fimmliturinn í trompi=1 og tvíspilið í laufi=1). Heildarpunktur hans eru því 14, sem dugir í geim á móti opnun.

SPILAMENNSKAN

Vestur spilar út ♣D, ofan af röð. Sagnhafi lendir í vandræðum ef hann freistast til að fara inn í borð á hjarta til að svína í spaða. Svíningin misheppnast og vörnin hefur nú tíma til að sækja fjórða varnarslaginn á hjarta. Öruggasta úrspilsleiðin er að drepa á ♣Á og spila strax ♠Á og meiri spaða. Þá fríast tígullinn áður en vörnin getur brotið sér slag á hjarta.

SPIL 2

Austur gefur

Norður

♠ Á 3
 ♥ D 8 4 2
 ♦ G 5
 ♣ D G 10 8 6

3G í Vestur
 Útspil: ♠D

Vestur

♠ 8 7
 ♥ Á K G 6
 ♦ Á K 7 4
 ♣ Á 4 3

Austur

♠ K D G 4 2
 ♥ 5 3
 ♦ 6 3 2
 ♣ K 5 2

Suður

♠ 10 9 6 5
 ♥ 10 9 7
 ♦ D 10 9 8
 ♣ 9 7

Vestur

—
 1 ♦
 2 G
 3 G

Norður

—
 Pass
 Pass
 Pass

Austur

Pass
 1 ♠
 3 ♠
 Pass

Suður

Pass
 Pass
 Pass
 Pass

Útspil: Laufdrottning**SAGNIR**

Stökk opnara í 2G eftir 1-yfir-1 segir frá 18-19 HP og jafnri skiptingu—sem sagt, of sterkum spilum til að opna á 1G (15-17), en ekki nógu sterkum til að opna á 2G (20-22). Austur segir þaðann aftur á þriðja þrepi til að bjóða upp á 4♠ á móti þrílit hjá opnara.

SPILAMENNSKAN

Útspilið er ♣D, ofan af röð í lengsta og besta lit. Sagnhafi geymir laufkónginn sem innkomu á þaðann síðar: tekur með ás heima og spilar það. Norður dúkkar og ♠K blinda á slaginn. Nú er nauðsynlegt að fara heim á háhjarta til að spila aftur það að blokkinni. Ás norðurs heggur þá vind og sagnhafi fær fjóra þaðaslagi í allt.

SPIL 3

Suður gefur

Norður

♠ Á 10 8 7 4
 ♥ 6 3
 ♦ 8 3
 ♣ Á 7 6 3

3G í austur

Útspil: ♠K

Vestur

♠ 9 3
 ♥ K D 10
 ♦ Á D G
 ♣ K D G 8 2

Austur

♠ G 6 5 2
 ♥ Á 8
 ♦ K 7 6 5
 ♣ 10 5 4

Suður

♠ K D
 ♥ G 9 7 5 4 2
 ♦ 10 9 4 2
 ♣ 9

Vestur

—
 1 ♣
 3 G

Norður

—
 1 ♠
 Pass

Austur

—
 1 G
 Pass

Suður

Pass
 Pass
 Pass

Útspil: Spaðakóngur

SAGNIR

Innákomur á fyrsta þrepi geta farið allt niður í 8 HP ef liturinn er skikkanlegur og hættur hagstæðar. Norður er því í fullum rétti að stínga inn sögn. Grandsögn austurs sýnir 6-10 HP og spaðastopp og það dugir opnara til að reyna 3G.

SPILAMENNSKAN

Suður spilar út í lit makkers og byrjar á kóngnum. Spaðadrottningin fylgir í kjölfarið. Norður þykist vita hvernig spaðinn skiptist og *yfir-drepur* ♠D til að sækja spaðann áfram. Með ♣Á sem innkomu er norður vongóður um að komast inn til að taka á fríspaðana. Það reynist rétt metið.

SPIL 4
Vestur gefur

Norður
♠ K 7
♥ D 6 5
♦ Á 8 5 2
♣ Á 7 4 2

3G í norður
Útspil: ♠G

Vestur
♠ D 6 5 2
♥ 9 8 7 3
♦ G 3
♣ K D 10

Austur
♠ G 10 9 8 3
♥ K 4
♦ D 10 7 6
♣ 9 3

Suður
♠ Á 4
♥ Á G 10 2
♦ K 9 4
♣ G 8 6 5

Vestur	Norður	Austur	Suður
Pass	1 ♦	Pass	1 ♥
Pass	1 G	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Útspil: Spaðagosi

SAGNIR

Ein grundvallarregla Standard-kerfisins er að opna á *lengri* láglit. En hvað á gera með jafna lágliti—með tvo þríliti eða tvo fjórliti? Sumir fara eftir litargæðum, en betri regla er að opna almennt á laufi með 3-3, en tígli með 4-4. Þá lofar opnun á tígli minnst fjórlit nema ef skiptingin er nákvæmlega 4♠-4♥-3♦-2♣.

SPILAMENNSKAN

Sagnhafi gerir sér strax ljóst að hann verður að fá fjóra hjartaslagi til að standa við samninginn. Kóngurinn þarf þar með að liggja í austur, þriðji eða *annar*. Réttu tæknin er að taka á ♠K heima og spila *litlu* hjarta á gosann. Fara svo heim á annan láglitaásinn og spila aftur smáu hjarta að blindum. Þannig má tryggja fjóra slagi á litinn hafi austur byrjað með ♥Kxx eða ♥Kx.

SPIL 5

Norður gefur

Norður

♠ 7
 ♥ 10 6 2
 ♦ D G 10
 ♣ G 10 9 8 3 2

4♥ í austur

Útspil: ♠D

Vestur

♠ Á K 8 5
 ♥ 7 4 3
 ♦ 9 6 5 2
 ♣ K 6

Austur

♠ 6 3
 ♥ K D G 9 8 5
 ♦ Á 7 3
 ♣ Á 4

Suður

♠ D G 10 9 4 2
 ♥ Á
 ♦ K 8 4
 ♣ D 7 5

Vestur

—
 1 G
 4 ♥

Norður

Pass
 Pass
 Pass

Austur

1 ♥
 3 ♥
 Pass

Suður

1 ♠
 Pass
 Pass

Útspil: Spaðadrottning

SAGNIR

Þegar opnari stekkur í opunarlit sínum í öðrum hring er hann að sýna góðan lit (minnst sexlit) og áskorun í geim (14-18 HP).

SPILAMENNSKAN

Sagnhafi tekur strax á spaðaás og fer í trompið. Suður á slaginn og spilar spaðagosa. Úrslitastundin. — Það er ljóst hvað gerist ef sagnhafi setur upp kónginn. Norður trompar og í fyllingu tímans mun vörnin síðan fá tvo slagi á tígul. Einn niður. Auðvitað lofar innákoma suðurs ekki sexlit, en í öryggisskyni ætti sagnhafi samt að dúkka spaðagosann. Þannig stendur hann vörð um spaðaslaginn í borði, sem hann hyggst nýta sér síðar þegar vörnin hefur verið aflúsuð.

SPIL 6

Austur gefur

Norður

♠ 9 6 3
 ♥ Á D 10
 ♦ K G 6 2
 ♣ 5 4 2

3G í suður

Útspil: ♠5

Vestur

♠ D 10 7 5 4
 ♥ 9 8 4 3
 ♦ Á 7
 ♣ G 3

Austur

♠ G 8 2
 ♥ 7 6 5
 ♦ 10 9 8 4
 ♣ K D 10

Suður

♠ Á K
 ♥ K G 2
 ♦ D 5 3
 ♣ Á 9 8 7 6

Vestur

—
 Pass
 Pass

Norður

—
 3 G

Austur

Pass
 Pass

Suður

1 G
 Pass

Útspil: Spaðafimma**SAGNIR**

Að jafnaði þarf minnst 25 HP til að vinna 3G og af því mótast svörin við grandopnun. Svarhönd passar með 0-7 HP, segir 2G (áskorun) með 8-9 og hækkar í 3G með 10-15. Miðað er við 33 HP sem lágmarksstyrk til að reyna 6G og því segir svarhönd 4G með 16-17 HP, sem er áskorun í slemmu en ekki áspurning.

SPILAMENNSKAN

Vestur spilar út fjórða hæsta í besta lit. Vörnin er komin vel á veg með að brjóta spaðann og því verður sagnhafi að hafa snarar hendur að búa til slagi. Laufið er of tímafrekt og hann verður að treysta á þrjá tígulslagi. Besta íferðin í tígulinn er að spila tvívegis smáu að ♦KGxx í borði. Þannig má ráða við ásinn *annan* í vestur — og auðvitað allar 3-3 legur.

SPIL 7

Suður gefur

Norður

♠ Á K G 9 2
 ♥ 6 2
 ♦ 9 6 5
 ♣ K D 9

3G í norður

Útspil: ♣G

Vestur

♠ 6 3
 ♥ Á 9 7 3
 ♦ Á G 10
 ♣ Á 7 4 3

Austur

♠ D 10 8 5
 ♥ 8 4
 ♦ 7 4 2
 ♣ G 10 8 5

Suður

♠ 7 4
 ♥ K D G 10 5
 ♦ K D 8 3
 ♣ 6 2

Vestur

—
 Pass
 Pass
 Pass

Norður

—
 1 ♠
 3 G

Austur

—
 Pass
 Passs

Suður

1 ♥
 2 ♦
 Pass

Útspil: Laufgosi

SAGNIR

Suður er skotinn í hjartalitnum og opnar á 1♥ þrátt fyrir að eiga bara 11 HP. Vestur á hins vegar opunarstyrk, en getur þó ekki með góðu móti dblað 1♥ vegna tvíspilsins í spaða. Doblið lofar stuðningi við ósagða liti.

SPILAMENNSKAN

Útspilið er laufgosi, ofan af röð. Vestur tekur á ásinn og hugsar málið. Hann þykist vita að norður eigi laufhjónin, svo það mun hægt ganga að fríspila laufnitinn. Betra er að ráðast á hliðarinnkomu sagnhafa í borði. Hann spilar því tígulgosa í öðrum slag og steinrotar blindan þannig í einu höggi.

SPIL 8

Vestur gefur

Norður

♠ D G 10 9 3
 ♥ 10 9 8 4
 ♦ D 2
 ♣ D 2

1G í Vestur
 Útspil: ♠D

Vestur

♠ Á K 2
 ♥ Á 6 5
 ♦ 5 4 3
 ♣ Á G 6 3

Austur

♠ 8 7 6
 ♥ K 3 2
 ♦ 10 8 7 6
 ♣ K 7 4

Suður

♠ 5 4
 ♥ D G 7
 ♦ Á K G 9
 ♣ 10 9 8 5

Vestur

1 G

Norður

Pass

Austur

Pass

Suður

Pass

Útspil: Spaðadrottning

SAGNIR

Opnun á einum í lit í Standard liggur á punktabilinu 12-20. Opnun á grandí er nákvæmlega í miðjunni á þessu bili: 15-17 HP. Það er ekki tilviljun, því með þessu móti verður auðvelt að gera greinarmun á 12-14 HP og 18-19 HP eftir opnun á lit.

SPILAMENNSKAN

Vestur telur sex örugga slagi og hyggst reyna við þann sjöunda á lauf. Þar á hann tvo augljósa möguleika á viðbótarslag: að suður sé með ♣D (þá heppnast svíning), eða að liturinn falli 3-3 (þá fríast þrettánda laufið). Raunar getur sagnhafi bætt líkur sínar smávegis með því að taka *fyrst* ♣Á og kóng, spila síðan *að* gosanum ef þörf krefur. Þannig fæst alltaf aukaslagur á litinn ef: (a) drottningin er í suður, (b) ef liturinn fellur 3-3, og líka (c) ef bakhöndin er með ♣Dx — sem er einmitt legan hér.

OPNARI (gefur*)

Vestur

(1)

- ♠ K65
- ♥ D62
- ♦ KG3
- ♣ Á1097

(2)

- ♠ G
- ♥ KD3
- ♦ ÁG1063
- ♣ KG72

(3)

- ♠ Á73
- ♥ KD87
- ♦ ÁDG98
- ♣ 3

(4)

- ♠ Á95
- ♥ K3
- ♦ Á102
- ♣ ÁDG107

(5)

- ♠ Á3
- ♥ 76
- ♦ K5
- ♣ ÁKG10976

ÆFINGAR 1-5

skrifaðu upp þína sagnröð

Vestur Austur

*

Vestur Austur

*

Vestur Austur

*

Vestur Austur

*

Vestur Austur

*

SVARHÖND

Austur

(1)

- ♠ D1092
- ♥ ÁK103
- ♦ D96
- ♣ D2

(2)

- ♠ ÁD96
- ♥ 109
- ♦ D72
- ♣ D1083

(3)

- ♠ D98
- ♥ G10632
- ♦ 103
- ♣ Á87

(4)

- ♠ D8643
- ♥ D942
- ♦ 864
- ♣ K

(5)

- ♠ 108765
- ♥ DG102
- ♦ Á109
- ♣ D

OPNARI
Vestur

SVÖR 1-5
STANDARD

SVARHÖND
Austur

(1)

♠ K65
♥ D62
♦ KG3
♣ Á1097

Vestur Austur

1♣ 1♥ (4-litur+)
1G (12-14) 3G
pass

(1)

♠ D1092
♥ ÁK103
♦ D96
♣ D2

(2)

♠ G
♥ KD3
♦ ÁG1063
♣ KG72

Vestur Austur

1♦ 1♠
2♣ (12-16) 3♣ (áskorun)
3G pass

(2)

♠ ÁD96
♥ 109
♦ D72
♣ D1083

(3)

♠ Á73
♥ KD87
♦ ÁDG98
♣ 3

Vestur Austur

1♦ 1♥
3♥ (15-17) 4♥
pass

(3)

♠ D98
♥ G10632
♦ 103
♣ Á87

(4)

♠ Á95
♥ K3
♦ Á102
♣ ÁDG107

Vestur Austur

1♣ 1♠
2G (18-19) 3♥ (5-4+)
3♠ (3-litur) 4♠
pass

(4)

♠ D8643
♥ D942
♦ 864
♣ K

(5)

♠ Á3
♥ 76
♦ K5
♣ ÁKG10976

Vestur Austur

1♣ 1♠
3♣ (14-18) 3G
pass

(5)

♠ 108765
♥ DG102
♦ Á109
♣ D

SVARHÖND

Vestur

(6)

- ♠ K763
- ♥ D9
- ♦ 74
- ♣ G10876

(7)

- ♠ D952
- ♥ G965
- ♦ K87
- ♣ Á4

(8)

- ♠ D1097
- ♥ KG752
- ♦ G2
- ♣ 98

(9)

- ♠ KG82
- ♥ Á6
- ♦ G52
- ♣ D876

(10)

- ♠ K432
- ♥ DG104
- ♦ 42
- ♣ KG2

ÆFINGAR 6-10

skrifaðu upp þína sagnröð

Vestur Austur

— *

Vestur Austur

— *

Vestur Austur

— *

Vestur Austur

— *

Vestur Austur

— *

OPNARI (gefur*)

Austur

(6)

- ♠ ÁD52
- ♥ KG2
- ♦ ÁK65
- ♣ D9

(7)

- ♠ G8
- ♥ K843
- ♦ ÁD2
- ♣ K763

(8)

- ♠ K32
- ♥ 8
- ♦ ÁKD109
- ♣ ÁD107

(9)

- ♠ Á73
- ♥ KD109
- ♦ 3
- ♣ ÁKG102

(10)

- ♠ DG76
- ♥ 62
- ♦ ÁG1087
- ♣ Á5

SVARHÖND

Vestur**(6)**

- ♠ K763
- ♥ D9
- ♦ 74
- ♣ G10876

(7)

- ♠ D952
- ♥ G965
- ♦ K87
- ♣ Á4

(8)

- ♠ D1097
- ♥ KG752
- ♦ G2
- ♣ 98

(9)

- ♠ KG82
- ♥ Á6
- ♦ G52
- ♣ D876

(10)

- ♠ K432
- ♥ DG104
- ♦ 42
- ♣ KG2

SVÖR 6-10

STANDARD

Vestur Austur

- | | |
|------|------------|
| — | 1♦ |
| 1♠ | 4♠ (18-19) |
| pass | |

Vestur Austur

- | | |
|------|------------|
| — | 1♣ |
| 1♥ | 2♥ (12-14) |
| pass | |

Vestur Austur

- | | |
|----|------------|
| — | 1♦ |
| 1♥ | 3♣ (17-20) |
| 3G | pass |

Vestur Austur

- | | |
|----|--------------|
| — | 1♣ |
| 1♠ | 2♥ (vending) |
| 3♣ | 3♠ |
| 6♣ | pass |

Vestur Austur

- | | |
|-----------|------|
| — | 1♦ |
| 1♥ | 1♠ |
| 2♠ (8-11) | pass |

OPNARI

Austur**(6)**

- ♠ ÁD52
- ♥ KG2
- ♦ ÁK65
- ♣ D9

(7)

- ♠ G8
- ♥ K843
- ♦ ÁD2
- ♣ K763

(8)

- ♠ K32
- ♥ 8
- ♦ ÁKD109
- ♣ ÁD107

(9)

- ♠ Á73
- ♥ KD109
- ♦ 3
- ♣ ÁKG102

(10)

- ♠ DG76
- ♥ 62
- ♦ ÁG1087
- ♣ Á5





SJÖUNDA KENNSLUSTUND

Tveir yfir einum

SVAR Á NÝJUM lit á öðru þrepi (til dæmis 1♠-2♦ eða 1♥-2♣) kallast *tveir-yfir-einum* og er sterk byrjun sagna. Svarið er krafa í geim og lofar 12+ HP, með einni undantekingu þó—ef svarhönd endurmeldar litinn sinn í næsta hring. Þá er um áskorun að ræða með 8-11 HP og langlit:

Opnari	Svarhönd
1 ♠	2 ♦
2 G	3 ♦ = 8-11 HP og (6)7-litur+, ekki krafa

Segi svarhönd eitthvað annað en svarlitinn sinn í næstu sögn er það krafa í geim og lofar minnst 12 HP:

Opnari	Svarhönd
1 ♠	2 ♦
2 G	3 ♣ = 12+ HP og minnst 5 tíglar og 4 lauf, geimkrafa

Sagnir eru „afslappaðar“ eftir þessa byrjun og innrömmun punkta bíður oft fram í fjórðu sögn:

Opnari	Svarhönd
1 ♠	2 ♦
2 G	3 ♠ = 15+ HP, slemmuáhugi
	4 ♠ = 12-14 HP

Með því að segja fyrst nýjan lit á öðru þrepi og taka svo undir opunarlitinn sýnir svarhönd mismunandi styrk. Lægri sögnin 3♠ er afgerandi slemmuáskorun, en með 4♠ segist svarhönd eiga nóg í geim á móti lágmarksopnun en ekkert meira en það.

Endursögn opnara á 2G (þriðja sögnin hér) er blæðandi í punktum, og sýnir fyrst og fremst stopp í mjúku litunum (hjarta og lafi).

Hækkun í láglit

Einföld hækkun í láglit (1♣-2♣ og 1♦-2♦) er á sama báti og tveir-yfir-einum, sterk sögn og geimkrafa nema svarhönd ítreki stuðninginn í næstu sögn—þá er um áskorun að ræða:

Opnari	Svarhönd
1 ♣	2 ♣
2 G	3 ♣ = 8-11 HP og 5+ lauf, ekki krafa

Ef svarhönd ítrekar ekki svarlitinn í næstu sögn verður spilað geim hið minnsta:

Opnari	Svarhönd
1 ♣	2 ♣
2 G	3 ♥ = geimkrafa (12+ HP) með lauf og hjarta

Stökkstuðningur beint í þrjá og fjóra sýnir veik spil og skiptingu:

Opnari	Svarhönd
1 ♣	3 ♣ = 6-10 heildarpunktur, 5-liturog 4 ♣ = 6-10 heildarpunktur, 6-liturog

Af hverju?

Augljóslega er stuðningur í láglit á allt öðru róli en stuðningur í hálit. Hækkun svarhandar á 1♠ í 2♠ sýnir 6-10 heildarpunkta en hækkun á 1♣ í 2♣ lofar minnst 8 háspilapunktum og er oft sterkari og krafa í geim. Af hverju er ekki samræmi hér á milli?

Stutta svarið blasir við: Af því opnun á láglit lofar aðeins þremur spilum þarf meira sagnrými til að staðfesta fitt. Því borgar sig að fara hægt af stað með góð spil. Þessi sagnaðferð heitir á ensku *inverted minor suit raise* eða viðsnúin hækkun í láglit.

Æfingar

Hvað þýðir ... ?

a) Opnari Svarhönd

1 ♠

2 ♣

2 ♥

3 ♥ =

b) Opnari Svarhönd

1 ♠

2 ♣

2 ♥

2 G =

c) Opnari Svarhönd

1 ♠

2 ♣

2 ♥

3 ♣ =

d) Opnari Svarhönd

1 ♠

2 ♣

2 ♠

3 ♠ =

e) Opnari Svarhönd

1 ♦

2 ♦

2 ♥

2 G =

f) Opnari Svarhönd

1 ♣

2 ♣

2 G

3 ♣ =

g) Opnari Svarhönd

1 ♦

2 ♦

2 ♥

3 ♣ =

h) Opnari Svarhönd

1 ♣

2 ♣

2 ♠

3 G =

Svör

Hvað þýðir ... ?

- a) **Opnari Svarhönd**
1 ♠ 2 ♣
2 ♥ 3 ♥ = 15+ HP, 4♥ og 4♣+, slemmuáhugi
- b) **Opnari Svarhönd**
1 ♠ 2 ♣
2 ♥ 2 G = 12+ HP, fyrirstaða í tígli, ósagða litnum
- c) **Opnari Svarhönd**
1 ♠ 2 ♣
2 ♥ 3 ♣ = 8-11 HP, 6♣+, ekki krafa
- d) **Opnari Svarhönd**
1 ♠ 2 ♣
2 ♠ 3 ♠ = 15+ HP, 2♠+ og 4♣+, slemmuáhugi
- e) **Opnari Svarhönd**
1 ♦ 2 ♦
2 ♥ 2 G = 12+ HP, grandfyrirstöður í ♠/♣, geimkrafa
- f) **Opnari Svarhönd**
1 ♣ 2 ♣
2 G 3 ♣ = 8-11 HP, 5♣+, ekki krafa
- g) **Opnari Svarhönd**
1 ♦ 2 ♦
2 ♥ 3 ♣ = 12+ HP, 5♦+ og 4♣+, geimkrafa
- h) **Opnari Svarhönd**
1 ♣ 2 ♣
2 ♠ 3 G = 12-14 HP, grandstopp í ♥/♦

TVEIR-YFIR-EINUM

- Svar á nýjum lit á öðru þrepi (án þess að stökkva) er kallað TVEIR-YFIR-EINUM. Dæmi: 1♠–2♣.
- TVEIR-YFIR-EINUM er sterk sögn (12+ HP) og krafa í geim með einni undantekningu: ef svarhönd endurmeldar litinn sinn strax í næsta hring. Dæmi: 1♠–2♣ | 2G–3♣ = 8-11 HP og langlitur.
- Sagnir eru „afslappaðar“ eftir þessa byrjun, því ekki þarf að stökkva til að halda sögnum á lífi. Styrkur opnara kemur því ekki alltaf strax í ljós. Dæmi: 1♠–2♣ | 2♠ = 12-20 HP, 6♠+.

HÆKKUN Í LÁGLIT

- Einföld hækkun í láglit: 1♣–2♣ eða 1♦–2♦ er sterk sögn, geimkrafa nema svarhönd ítreki stuðninginn í næstu sögn, en þá er um áskorun að ræða, 8-11 HP. Dæmi: 1♣–2♣ | 2G–3♣ = 8-11 HP og 5-litur+
- Einföld hækkun í láglit er því augljóslega á sama báti og TVEIR-YFIR-EINUM.
- Tvöföld hækkun í láglit (og þreföld) er hrein og klár hindrun með minna en 8 HP en gott fitt. Dæmi: 1♣–3♣ eða 1♦–3♦ = 5-litur+ og 4-7 HP.

Sagnæfingar með makker

Segðu með makker á hendur A-V og skyggðu á spil hans á meðan. Skrifaðu sagnir ykkar í miðjuna. **Vestur byrjar alltaf.**

skrifðu sagnir hér

- | | | | | |
|-----------|---------------|-------|-------|---------------|
| 1) | Vestur | _____ | _____ | Austur |
| | ♠ K8 | _____ | _____ | ♠ D103 |
| | ♥ D932 | _____ | _____ | ♥ 6 |
| | ◇ DG4 | _____ | _____ | ◇ K752 |
| | ♣ ÁG42 | _____ | _____ | ♣ KD1065 |
|
 | | | | |
| 2) | Vestur | _____ | _____ | Austur |
| | ♠ Á1092 | _____ | _____ | ♠ K53 |
| | ♥ KD652 | _____ | _____ | ♥ 4 |
| | ◇ G | _____ | _____ | ◇ KD109432 |
| | ♣ D108 | _____ | _____ | ♣ G6 |
|
 | | | | |
| 3) | Vestur | _____ | _____ | Austur |
| | ♠ 3 | _____ | _____ | ♠ Á104 |
| | ♥ Á643 | _____ | _____ | ♥ K72 |
| | ◇ K7653 | _____ | _____ | ◇ DG1042 |
| | ♣ ÁG3 | _____ | _____ | ♣ K2 |
|
 | | | | |
| 4) | Vestur | _____ | _____ | Austur |
| | ♠ ÁD743 | _____ | _____ | ♠ K8 |
| | ♥ KG54 | _____ | _____ | ♥ ÁD82 |
| | ◇ K5 | _____ | _____ | ◇ ÁD632 |
| | ♣ D9 | _____ | _____ | ♣ G2 |

Svör við sagnæfingum 1 og 2

1)	Vestur	Austur
	♠ K8	♠ D103
	♥ D932	♥ 6
	♦ DG4	♦ K752
	♣ ÁG42	♣ KD1065

Vestur	Austur
1 ♣ = 12-20, 3♣+	2 ♣ = 8+, 4♣+, krafa
2 G = 12-14, jöfn sk. pass	3 ♣ = 8-11, 5♣+

Austur sýnir 8-11 HP og minnst fimmlit í laufi með því að segja fyrst 2♣ (krafa) og endurtaka svo litinn á þriðja þrepi. Vestur segist eiga 12-14 flata með 2G. Hann hefði opnað á 1G með 15-17 HP og stokkið í 3G með 18-19.

2)	Vestur	Austur
	♠ Á1092	♠ K53
	♥ KD652	♥ 4
	♦ G	♦ KD109432
	♣ D108	♣ G6

Vestur	Austur
1 ♥ = 12-20, 5♥+	2 ♦ = 8+, 4♦+, krafa
2 ♠ = 12-20, 5♥+ og 4♠ pass	3 ♦ = 8-11, 6♦+

Tveir-yfir-einum er krafa í geim nema svarhönd ítreki litinn í næsta hring. Austur gerir það og sýnir þannig góðan og langan tígul með 8-11 HP — áskorun í geim. Vestur teiknar upp skiptingu sína með 2♠ en gefur ekkert til kynna um styrkinn. Það er austur sem rammur sig inn með 3♦ og þá passar vestur með lágmarksopnun.

Svör við sagnæfingum 3 og 4

3)	Vestur	Austur
	♠ 3	♠ Á104
	♥ Á643	♥ K72
	♦ K7653	♦ DG1042
	♣ ÁG3	♣ K2
	Vestur	Austur
	1 ♦ = 12-20, (3)4♦+	2 ♦ = 8+, 4♦+
	2 ♥ = 12-20, 5♦+ og 4♥	2 G = 12+, stopp í ♠/♣
	3 ♣ = 1-4-5-3 eða 0-4-5-4 pass	5 ♦ = of veikur spaði í 3G

Eftir 2-yfir-1 eru allar sagnir svarhandar krafa í geim nema endursögn á opunarlitnum. Austur lofar því geimstyrk með 2G, minnst 12 HP. Vestur reynir að teikna upp skiptinguna; sýnir fyrst hjartalit OG fimmlit í tígli með 2♥ (hann segir 2G með hjarta og jafna skiptingu) og 3♣ er „bútasumur“ til að auðvelda makker spilamatið.

4)	Vestur	Austur
	♠ ÁD743	♠ K8
	♥ KG54	♥ ÁD82
	♦ K5	♦ ÁD632
	♣ D9	♣ G2
	Vestur	Austur
	1 ♠ = 12-20, 5♠+	2 ♦ = 8+, 4♦+
	2 ♥ = 12-14, jöfn sk.	3 ♥ = 15+, 4♥
	3 ♠ = fyrirstaða	4 ♦ = fyrirstaða
	4 ♥ = vantar laufstopp	pass = OK

Austur hefur mikinn slemmumetnað og segir því 3♥ við 2♥, sem er sterkara en stökk í 4♥ (það sýnir 12-14 HP í stöðunni). Slemma er mjög líkleg, en fyrirstöðusagnir leiða í ljós veikleika í laufinu.

SPIL 9

Norður gefur

Norður

♠ K G 10 8 4
 ♥ Á G 6
 ♦ G 4
 ♣ Á 10 5

4♠ í norður
 Útspil: ♦K

Vestur

♠ 6 5 2
 ♥ 9 4
 ♦ 9 8 3 2
 ♣ D 9 7 6

Austur

♠ 7 3
 ♥ D 10 8 3
 ♦ K D 10 6 5
 ♣ K 4

Suður

♠ Á D 9
 ♥ K 7 5 2
 ♦ Á 7
 ♣ G 8 3 2

Vestur

—
 Pass
 Pass

Norður

1 ♠
 2 G
 Pass

Austur

Pass
 Pass
 Pass

Suður

2 ♣
 4 ♠

Útspil: Tígulkóngur

SAGNIR

Suður byrjar á 2♣ (2-yfir-1) til að geta síðar sýnt handgerðina með stökki í 4♠. Þannig lætur hann vita af 12-14 HP og tiltölulega flatrí skiptingu. Tveggja granda sögn norðurs á ♦Gx virkar vafasöm, en valkostirnir eru ekki frýnilegir: endursögn í spaða myndi gefa til kynna 6-lit og hækkun í 3♣ ætti að sýna fjórlítarstuðning.

SPILAMENNSKAN

Norður á níu toppslagi og ýmsa möguleika á þeim tíunda. Hann gæti svínað ♥G, vonast eftir 3-3 legu í hjarta eða reynt við aukaslag í laufi. En legan er slæm og ekkert gengur upp. En sem betur fer á sagnhafi kost á millileik. Hann drepur á ♦Á, tekur *tvisvar* tromp og spilar tígli. Austur á ekki tromp til og verður því að spila sér í óhag: tígli í tvöfalda eyðu, hjarta frá drottningunni eða laufkóng. Allt kostar slag.

SPIL 10

Austur gefur

Norður

♠ 8 4 3 2
 ♥ 7 4
 ♦ D G 8
 ♣ K 8 7 4

4♥ í austur

Útspil: ♥5

Vestur

♠ Á 9 7
 ♥ K D 10
 ♦ 6 5 3
 ♣ Á D 10 9

Austur

♠ K G
 ♥ Á G 9 6 3 2
 ♦ K 7 2
 ♣ G 2

Suður

♠ D 10 6 5
 ♥ 8 5
 ♦ Á 10 9 4
 ♣ 6 5 3

Vestur

—
 2 ♣
 3 ♥
 Pass

Norður

—
 Pass
 Pass
 Pass

Austur

1 ♥
 2 ♥
 4 ♥

Suður

Pass
 Pass
 Pass

Útspil: Hjartafimma**SAGNIR**

Vestur leitar eftir slemmu með því að melda fyrst hliðarlitinn á öðru þrepi (2-yfir-1) og styðja svo hjarta makkers undir geimi. En austur er áhugalaus og slær af með 4♥.

SPILAMENNSKAN

Slemma gæti unnist með ♣K réttum, en á hinn bóginn er geimið í hættu ef svíningin í laufi misheppnast. Viðfangsefni sagnhafa er að glíma við þá stöðu—reyna að halda norðri úti í kuldalum. Fyrsta verkið er að svína ♠G. Svíningin misheppnast, en það er ekki alvarlegt mál. Segjum að suður spili nú laufi. Sagnhafi stingur upp ás, tekur ♠K, fer inn í borð á tromp og hendir ♣G niður í ♠Á. Trompsvínar síðan fyrir ♣K. Glæsileg sniðganga (*avoidance play*).

SPIL 11

Suður gefur

Norður

♠ D G 10 4
 ♥ D 10 5 4
 ♦ 9 4 3
 ♣ D 6

4♥ í Vestur

Útspil: ♠D

Vestur

♠ 9 7
 ♥ Á G 7 6 3
 ♦ Á D G 6
 ♣ G 8

Austur

♠ Á 6 2
 ♥ K 9 2
 ♦ K 10 5
 ♣ Á 7 5 4

Suður

♠ K 8 5 3
 ♥ 8
 ♦ 8 7 2
 ♣ K 10 9 3 2

Vestur

—
 1 ♥
 2 ♦
 Pass

Norður

—
 Pass
 Pass
 Pass

Austur

—
 2 ♣
 4 ♥

Suður

Pass
 Pass
 Pass

Útspil: Spaðadrottning**SAGNIR**

Með því að segja fyrst 2♣ og síðan 4♥ í kjölfarið gefur austur til kynna nægan styrk í geim (12-14 HP), en ekkert meira en það.

SPILAMENNSKAN

Tveir tapslagir blasa við í svörtu litunum, einn á spaða og annar á lauf. Sagnhafi má þá gefa einn slag á tromp en ekki tvo. Tryggingarspilamennskan í þessari stöðu er eftirfarandi: Fyrst er ♥Á lagður niður, svo er trompi spilað að ♥K9 og nían látin duga ef norður fylgir smátt. Þannig má ráða við ♥D10xx í norður. Sagnhafi er tilbúinn til að gefa suðri ódýran slag á ♥10 eða ♥D í 3-2 legunni, enda tryggir enginn án þess að borga eitthvað í iðgjald. Ef norður reynist eiga einspil í hjarta er vandalaust að fara upp með ♥K og spila að gosanum. Suður fengi þá aðeins slag á ♥D.

SPIL 12

Vestur gefur

Norður

♠ G 5 4
 ♥ Á 10 2
 ♦ D 10 2
 ♣ Á K 8 3

3G í suður
 Útspil: ♠9

Vestur

♠ 9 3
 ♥ 9 8 5 3
 ♦ K 6
 ♣ 10 7 6 5 2

Austur

♠ Á K 8 7 6
 ♥ G 7 4
 ♦ 5 3
 ♣ D 9 4

Suður

♠ D 10 2
 ♥ K D 6
 ♦ Á G 9 8 7 4
 ♣ G

Vestur

Pass
 Pass
 Pass

Norður

1 ♣
 3 ♦
 Pass

Austur

1 ♠
 Pass
 Pass

Suður

2 ♦
 3 G

Útspil: Spaðanía**SAGNIR**

Tveggja tígla sögn suðurs yfir 1♠ er krafa (2-yfir-1) og lofar fimmlit hið minnsta. Því getur norður stutt með þrílit.

SPILAMENNSKAN

Vestur kemur út með ♠9—hærra frá tvíspili. Hann hefði spilað út þriðja hæsta í lit makkers frá þremur hundum. Bæði útspilið og sagnir upplýsa austur um spaðastöðuna. Austur sér að von varnarrinnar liggur í því að vestur komist inn á tígul og eigi þá spaða til að spila. Austur *dúkkar* því fyrsta slaginn (lætur duga að kalla). Sagnhafi fer inn í borð á hjarta og svínar fyrir ♦K, en vestur kemst inn og dregur fram spaðabristinn: einn niður.

SPIL 13

Norður gefur

Norður

♠ 10 5
 ♥ Á 6
 ♦ K D G
 ♣ K D G 10 9 4

♣♥ í suður

Útspil: ♠4

Vestur

♠ K 7 4
 ♥ 5 4
 ♦ 10 9 8 7 3
 ♣ Á 6 2

Austur

♠ D 8 6 3 2
 ♥ 9 8 2
 ♦ 5 4
 ♣ 7 5 3

Suður

♠ Á G 9
 ♥ K D G 10 7 3
 ♦ Á 6 2
 ♣ 8

Vestur

—
 Pass
 Pass
 Pass
 Pass

Norður

1 ♣
 3 ♣
 4 ♥
 5 ♦
 Pass

Austur

Pass
 Pass
 Pass
 Pass

Suður

1 ♥
 3 ♥
 4 G
 6 ♥

Útspil: Spaðafjarki

SAGNIR

Suður gæti svarað 1♣ með stökki í 2♥. Slíkt stökk er ekki 2-yfir-1 heldur sýnir slemmuspil og góðan lit (minnst 14 HP og sexlit). En suður velur rólegu leiðina með 1♥ og norður ramar sig inn með stökki í sínum opnunarlit (14-18 HP). Það kemur þá í hlut suðurs að taka völdin með ásasurningu.

SPILAMENNSKAN

Allt veltur á útspili vesturs. Hann reiknar með slag á ♣Á, en hvar er hinn slagurinn? Einn möguleiki er að spila ásnum út og reyna að gefa makker laufstungu. Annar möguleiki—og sá sem heppnast hér—er að koma hvasst út í spaða frá kóngnum í von um drottn-inguna hjá makker.

SPIL 14

Austur gefur

Norður

♠ 8
 ♥ Á D 9 6 5 2
 ♦ Á 6 3
 ♣ G 10 5

4♥ í norður

Útspil: ♦G

Vestur

♠ 9 6 5
 ♥ G 7
 ♦ K 8 4 2
 ♣ Á 9 8 2

Austur

♠ D 10 4 2
 ♥ K 4
 ♦ G 10 9 5
 ♣ K 7 4

Suður

♠ Á K G 7 3
 ♥ 10 8 3
 ♦ D 7
 ♣ D 6 3

Vestur

—
 Pass
 Pass

Norður

—
 2 ♥
 Pass

Austur

Pass
 Pass
 Pass

Suður

1 ♠
 4 ♥

Útspil: Tígulgosi

SAGNIR

Svar á 2♥ við 1♠ ætti að lofa minnst fimmlit og vera krafa í geim. Með fjórlit í hjarta og skiptingu eins og 3=4=3=3 er hægt að segja 2♣ á þrílit. Suður hefur engan slemmuvilja og stekkur því beint í geim á móti geimkröfusögn.

SPILAMENNSKAN

Í veikri von um útspil frá ♦KG10 prófar sagnhafi drottninguna í borði, en ekki gengur það. Nú kemur til greina að stóla á ♥Kx í vestur: fara inn í borð á háspaða, spila trompi og svína ♥D. Heldur betra er þó að sameina möguleika í trompi og spaða: leggja fyrst niður ♥Á. Ef kóngurinn skyldi nú falla stakur í bakhöndinni mætti nota innkomuna á spaða til að svína fyrir ♥Gxx í vestur. Ef ekki (eins og hér er raunin) verður að svína ♠G og henda niður tveimur tígulum í ♠ÁK.

SPIL 15

Suður gefur

Norður

♠ 9 2
 ♥ 7 6
 ♦ Á 10 9 8 6
 ♣ D 6 4 3

♣ ♠ í Vestur

Útspil: ♦ Á

Vestur

♠ K D G 7 3
 ♥ K D G 8
 ♦ 4
 ♣ Á G 5

Austur

♠ Á 10 4
 ♥ Á 5 3
 ♦ D 7
 ♣ K 10 9 8 2

Suður

♠ 8 6 5
 ♥ 10 9 4 2
 ♦ K G 5 3 2
 ♣ 7

Vestur

—
 1 ♠
 2 ♥
 4 G
 6 ♠

Norður

—
 Pass
 Pass
 Pass
 Pass

Austur

—
 2 ♣
 4 ♠
 5 ♥
 Pass

Suður

Pass
 Pass
 Pass
 Pass

Útspil: Tígulás

SAGNIR

Austur sýnir 12-14 HP með því að melda nýjan lit á öðru þrepi við 1♠ og stökkva í 4♠ í næsta hring.

SPILAMENNSKAN

Sagnhafi þarf að finna drottninguna í laufi. Fljótlega sannast að norður hefur byrjað með 4 spil í hálitunum og suður með 7 spil. Plássið fyrir ♣D er því meira í norður, sem er með 9 „laus sæti“ (13-4=9) á meðan suður hefur aðeins 6 sæti laus (13-7=6). Líkurnar eru því 9 á móti 6 (60%) að ♣D sé í norður frekar en suður. Tígullinn telur ekki, því skiptingin í litnum er ekki þekkt.

SPIL 16
Vestur gefur

Norður
♠ —
♥ D 9 7 2
♦ 5 3 2
♣ Á K G 10 5 4

5♦ í austur
Útspil: ♣3

Vestur
♠ Á K D 10 3 2
♥ 5 4
♦ Á 10 9 6
♣ 8

Austur
♠ G 9
♥ K G 10
♦ K D G 8 7 4
♣ 7 6

Suður
♠ 8 7 6 5 4
♥ Á 8 6 3
♦ —
♣ D 9 3 2

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♠	2 ♣	2 ♦	5 ♣
5 ♦	Pass	Pass	Pass

Útspil: Laufþristur

SAGNIR

Blátt áfram og eðlilegar sagnir. En eins og alltaf þegar samlegan er mikil í báðar áttir er þungt að meta hvort segja skuli einum meira eða minna.

SPILAMENNSKAN

Suður spilar út ♣3, þriðja hæsta. Norður fær fyrsta slaginn á ♣K (eða ás) og spilar auðvitað hjarta. En hvaða hjarta? Ja, hann vill gjarnan fá spaða til baka og sýnir þann vilja sinn með því að spila NÍUNNI. Ekki af því ♥9 sé einhvers konar hliðarkall, heldur frekar vegna þess að svo hátt spil neitar venjulega hærrí hónór. Suður sér því engan framtíð í hjartanu og gæti af þeim ástæðum spilað spaða.

OPNARI (gefur*)

Vestur

(11)

- ♠ ÁK642
- ♥ 1075
- ◇ ÁKG7
- ♣ 5

(12)

- ♠ Á97
- ♥ K10965
- ◇ K3
- ♣ K62

(13)

- ♠ Á97
- ♥ K10965
- ◇ K3
- ♣ K62

(14)

- ♠ G86
- ♥ ÁG93
- ◇ ÁK1075
- ♣ D

(15)

- ♠ ÁK976
- ♥ 62
- ◇ 3
- ♣ ÁKG52

ÆFINGAR 11-15

skrifaðu upp þína sagnröð

Vestur Austur

*

Vestur Austur

*

Vestur Austur

*

Vestur Austur

*

Vestur Austur

*

SVARHÖND

Austur

(11)

- ♠ D
- ♥ Á64
- ◇ 65
- ♣ KG109862

(12)

- ♠ K2
- ♥ DG7
- ◇ ÁD1087
- ♣ 1098

(13)

- ♠ K3
- ♥ ÁD32
- ◇ ÁDG52
- ♣ 43

(14)

- ♠ 73
- ♥ K42
- ◇ DG2
- ♣ ÁK1065

(15)

- ♠ 32
- ♥ D104
- ◇ ÁKG52
- ♣ D103

OPNARI

Vestur**(11)**

- ♠ ÁK642
- ♥ 1075
- ♦ ÁKG7
- ♣ 5

(12)

- ♠ Á97
- ♥ K10965
- ♦ K3
- ♣ K62

(13)

- ♠ Á97
- ♥ K10965
- ♦ K3
- ♣ K62

(14)

- ♠ G86
- ♥ ÁG93
- ♦ ÁK1075
- ♣ D

(15)

- ♠ ÁK976
- ♥ 62
- ♦ 3
- ♣ ÁKG52

SVÖR 11-15

STANDARD

Vestur Austur

- | | |
|------|--------------|
| 1♠ | 2♣ |
| 2♦ | 3♣ (áskorun) |
| pass | |

Vestur Austur

- | | |
|------------|------------|
| 1♥ | 2♦ |
| 2G (12-19) | 4♥ (12-14) |
| pass | |

Vestur Austur

- | | |
|------------|-----------------|
| 1♥ | 2♦ |
| 2G (12-19) | 3♥ (15+) |
| 4G (RKCB) | 5♠ (2 LS og TD) |
| 6♥ | pass |

Vestur Austur

- | | |
|-------------------|---------|
| 1♦ | 2♣ |
| 2♥ (5♦+ og 4♥) | 3♦ (GK) |
| 3♠ (sp. um stopp) | 5♦ |
| pass | |

Vestur Austur

- | | |
|----------|----|
| 1♠ | 2♦ |
| 3♣ | 3G |
| 4♣ (5-5) | 5♣ |
| pass | |

SVARHÖND

Austur**(11)**

- ♠ D
- ♥ Á64
- ♦ 65
- ♣ KG109862

(12)

- ♠ K2
- ♥ DG7
- ♦ ÁD1087
- ♣ 1098

(13)

- ♠ K3
- ♥ ÁD32
- ♦ ÁDG52
- ♣ 43

(14)

- ♠ 73
- ♥ K42
- ♦ DG2
- ♣ ÁK1065

(15)

- ♠ 32
- ♥ D104
- ♦ ÁKG52
- ♣ D103

SVARHÖND

Vestur

(16)

- ♠ D98
- ♥ K
- ♦ 864
- ♣ ÁG9832

(17)

- ♠ Á5
- ♥ 42
- ♦ ÁK976
- ♣ K1092

(18)

- ♠ 98
- ♥ KD5
- ♦ ÁG3
- ♣ K5432

(19)

- ♠ 10
- ♥ G86
- ♦ ÁG8653
- ♣ K73

(20)

- ♠ 3
- ♥ 852
- ♦ K109543
- ♣ ÁG4

ÆFINGAR 16-20

skrifaðu upp þína sagnröð

Vestur Austur

— *

Vestur Austur

— *

Vestur Austur

— *

Vestur Austur

— *

Vestur Austur

— *

OPNARI (gefur*)

Austur

(16)

- ♠ K65
- ♥ DG43
- ♦ D3
- ♣ KD64

(17)

- ♠ KD3
- ♥ G76
- ♦ DG1042
- ♣ Á4

(18)

- ♠ ÁD76
- ♥ G2
- ♦ 105
- ♣ ÁD976

(19)

- ♠ KG4
- ♥ ÁD3
- ♦ K942
- ♣ ÁG9

(20)

- ♠ DG92
- ♥ K3
- ♦ DG87
- ♣ K109

SVARHÖND

Vestur**(16)**

- ♠ D98
- ♥ K
- ♦ 864
- ♣ ÁG9832

(17)

- ♠ Á5
- ♥ 42
- ♦ ÁK976
- ♣ K1092

(18)

- ♠ 98
- ♥ KD5
- ♦ ÁG3
- ♣ K5432

(19)

- ♠ 10
- ♥ G86
- ♦ ÁG8653
- ♣ K73

(20)

- ♠ 3
- ♥ 852
- ♦ K109543
- ♣ ÁG4

SVÖR 16-20

STANDARD

Vestur Austur

- | | |
|-----------|------------|
| — | 1♣ |
| 2♣ (8+) | 2G (12-14) |
| 3♣ (8-11) | pass |

Vestur Austur

- | | |
|--------------|-----------------|
| — | 1♦ |
| 2♦ | 2G (12-14) |
| 3♣ (GK) | 3♦ |
| 3♠ (styrkur) | 4♣ (fyrirstaða) |
| 5♦ | pass |

Vestur Austur

- | | |
|----------|----------------|
| — | 1♣ |
| 2♣ | 2♠ (5♠+ og 4♠) |
| 2G (12+) | 3G (tillaga) |
| pass | |

Vestur Austur

- | | |
|---------|------------|
| — | 1♦ |
| 2♦ (8+) | 3G (18-19) |
| pass | |

Vestur Austur

- | | |
|-----------|------------|
| — | 1♦ |
| 2♦ (8+) | 2G (12-14) |
| 3♦ (8-11) | pass |

OPNARI

Austur**(16)**

- ♠ K65
- ♥ DG43
- ♦ D3
- ♣ KD64

(17)

- ♠ KD3
- ♥ G76
- ♦ DG1042
- ♣ Á4

(18)

- ♠ ÁD76
- ♥ G2
- ♦ 105
- ♣ ÁD976

(19)

- ♠ KG4
- ♥ ÁD3
- ♦ K942
- ♣ ÁG9

(20)

- ♠ DG92
- ♥ K3
- ♦ DG87
- ♣ K109





ÁTTUNDA KENNSLUSTUND

Kröfugrand

Í **EINFÖLDU** Standard-kerfi sýnir svar á 1G við litaropnun 6-10 HP og er ekki krafa. Þessi aðferð hentar ágætlega við opnun á láglit, en á móti hálit kemur betur út að hafa grandsvarið kröfusögn og teygja efri punktamörkin upp í 12 HP. Lítum til austurs hér að neðan, sem er með sömu spilín í dæmum (1) og (2).

(1) Vestur

♠ D 7 5 4
♥ G 4
♦ Á D 2
♣ G 10 6 4

Vestur

1 ♣ = 12-20 HP, 3♣+
1 G = 12-14 HP, jöfn sk.
pass = OK

Austur

♠ 10
♥ K 10 9 8 7 2
♦ 6 4
♣ Á 9 7 5

Austur

1 ♥ = 6+ HP, 4♥+, krafa
2 ♥ = 6-10 HP, (5)6♥+

(2) Vestur

♠ Á G 7 5 2
♥ G 4
♦ Á 5 2
♣ D 8 2

Vestur

1 ♠ = 12-20 HP, 5♠+
2 ♣ = 12-16 HP, 3♣+
pass = OK

Austur

♠ 10
♥ K 10 9 8 7 2
♦ 6 4
♣ Á 9 7 5

Austur

1 G = 6-12 HP, krafa
2 ♥ = 6-10 HP, (5)6♥+

Ef vestur opnar á 1♣ er vandalaust að svara á 1♥. En eftir spaða-opnun má alls ekki segja 2♥, enda tveir-yfir-einum sterk sögn. Því er byrjað á grand og hjartaliturinn sýndur í næsta hring.

Kröfugrand við hálit er því fyrst og fremst punktavar, sem getur innhaldið skiptingu af ýmsum toga, bæði jafna og ójafna. Svo sem:

DÆMI i

♠ 109
♥ KG32
♦ DG1062
♣ 82

DÆMI ii

♠ 9
♥ 53
♦ Á92
♣ DG108765

DÆMI iii

♠ G97
♥ ÁD104
♦ 64
♣ KG87

Ef makker opnar á 1♠ er rétta svarið í öllum tilfellum 1G.

* * *

Opnari má ekki undir neinum kringumstæðum segja pass við kröfugrandi—það er nú einmitt mergurinn málsins—en *hvernig* á hann að halda áfram? Til dæmis þannig:

Svör við kröfugrandi

opnari svarhönd

1 ♠ – 1 G = krafa, sýnir 6-12 HP og ýmsar skiptingar

næsta sögn opnara ...

2 ♣ = 12-16 HP, 3♣+, betri láglitur (2♣ með 5♠-2♥-3♦-3♣)

2 ♦ = 12-16 HP, 3♦+, betri láglitur

2 ♥ = 12-16 HP, 5♠+ og 4♥+

2 ♠ = 12-16 HP, 6♠+

2 G = 18-19 HP, 5♠-332 til hliðar

3 ♣ = 17-20 HP, 5♠+ og 4♣+, geimkrafa

3 ♦ = 17-20 HP, 5♠+ og 4♦+, geimkrafa

3 ♥ = 17-20 HP, 5♠+ og 4♥+, geimkrafa

3 ♠ = 14-18 HP, 7♠+, áskorun

3 G = 17-20 HP, þéttur 6-litur+ í spaða

Svörin eru sambærileg eftir opnun á 1♥. Tveir í láglit gæti verið neyðarsögn á þrílit og öll stökk í þrjá eru sterk.

Sagnæfingar með makker — kröfugrand

Segðu með makker á hendur A-V og skyggðu á spil hans á meðan. Skrifaðu sagnir ykkar í miðjuna. **Vestur byrjar alltaf.**

skrifðu sagnir hér

- | | | |
|---|--|--|
| <p>1)</p> <p>Vestur</p> <p>♠ ÁK653</p> <p>♥ G2</p> <p>♦ ÁG9</p> <p>♣ 1098</p> | <p>_____</p> <p>_____</p> <p>_____</p> <p>_____</p> <p>_____</p> | <p>Austur</p> <p>♠ D10</p> <p>♥ K865</p> <p>♦ 10763</p> <p>♣ DG3</p> |
| <p>2)</p> <p>Vestur</p> <p>♠ K43</p> <p>♥ KG986</p> <p>♦ 4</p> <p>♣ ÁD83</p> | <p>_____</p> <p>_____</p> <p>_____</p> <p>_____</p> <p>_____</p> | <p>Austur</p> <p>♠ Á62</p> <p>♥ 3</p> <p>♦ DG10976</p> <p>♣ 942</p> |
| <p>3)</p> <p>Vestur</p> <p>♠ Á83</p> <p>♥ ÁD964</p> <p>♦ 987</p> <p>♣ Á3</p> | <p>_____</p> <p>_____</p> <p>_____</p> <p>_____</p> <p>_____</p> | <p>Austur</p> <p>♠ K5</p> <p>♥ K105</p> <p>♦ ÁG3</p> <p>♣ 96542</p> |
| <p>4)</p> <p>Vestur</p> <p>♠ ÁKG92</p> <p>♥ KD32</p> <p>♦ 109</p> <p>♣ D3</p> | <p>_____</p> <p>_____</p> <p>_____</p> <p>_____</p> <p>_____</p> | <p>Austur</p> <p>♠ 104</p> <p>♥ G107</p> <p>♦ KDG2</p> <p>♣ Á1097</p> |

Sagnæfingar með makker — kröfugrand

Segðu með makker á hendur A-V og skyggðu á spil hans á meðan. Skrifaðu sagnir ykkar í miðjuna. **Vestur byrjar alltaf.**

skrifðu sagnir hér

- | | | | |
|----|--|---|---|
| 5) | Vestur
♠ ÁDG98
♥ 53
♦ ÁDG3
♣ Á3 | _____

_____ | Austur
♠ 105
♥ ÁD94
♦ 1074
♣ D1087 |
| 6) | Vestur
♠ K6532
♥ Á54
♦ Á97
♣ D3 | _____

_____ | Austur
♠ 74
♥ KD10987
♦ 4
♣ KG72 |
| 7) | Vestur
♠ ÁG7
♥ ÁD1052
♦ 84
♣ K105 | _____

_____ | Austur
♠ 984
♥ 3
♦ G652
♣ ÁG972 |
| 8) | Vestur
♠ KG4
♥ Á9762
♦ 2
♣ ÁD43 | _____

_____ | Austur
♠ ÁD3
♥ 4
♦ G943
♣ KG987 |

Svör við sagnæfingum 1 og 2

1)	Vestur	Austur
	♠ ÁK653	♠ D10
	♥ G2	♥ K865
	◇ ÁG9	◇ 10763
	♣ 1098	♣ DG3

Vestur	Austur
1 ♠ = 12-20, 5♠+	1 G = 6-12, krafa
2 ♣ = 12-16, 5♠ og 3♣+	2 ♠ = 6-10, 2-spil í spaða
pass = enginn styrkur í geim	

Vestur á svo sem enga sögn við 1G og vildi helst passa. En grandíð er krafa og vestur bjargar sér með því að segja 2♣ á þrilit. Tígullinn er raunar mun sterkari, en reglan er að segja frekar 2♣ með 3-3 í láglitunum. Með því að fara í gegnum 1G og segja svo 2♠ sýnir austur nákvæmlega tvílit í spaða og 6-10 HP. Hann hefði hækkað strax í 2♠ með þrilit.

2)	Vestur	Austur
	♠ K43	♠ Á62
	♥ KG986	♥ 3
	◇ 4	◇ DG10976
	♣ ÁD83	♣ 942

Vestur	Austur
1 ♥ = 12-20, 5♥+	1 G = 6-12, krafa
2 ♣ = 12-16, 5♥ og 3♣+	2 ◇ = (4)6-7, 6◇+
pass = eina vitið	

Austur sýnir hundveik spil (4-7 HP) og langan tígul með því að byrja á grandí og segja svo litinn á eftir. Með heldur skárri spil (8-11 HP) og langan tígul myndi austur byrja á 2◇ og segja 3◇ í næsta hring.

Svör við sagnæfingum 3 og 4

3)	Vestur	Austur
	♠ Á83	♠ K5
	♥ ÁD964	♥ K105
	♦ 987	♦ ÁG3
	♣ Á3	♣ 96542

Vestur	Austur
1 ♥ = 12-20, 5♥+	1 G = 6-12, krafa
2 ♦ = 12-16, 5♥ og 3♦+	3 ♥ = 11-12, 3-litur hjarta
4 ♥ = áskorun tekið	pass

Kröfugrandið hangir saman við hækkun í hálit. Einföld hækkun í tvo (1♥-2♥) sýnir þrilit og 6-10 punkta, en með heldur meiri styrk (11-12 HP) og þrilit er byrjað á grandu og svo stokkið í þrjá í hálit makkars.

4)	Vestur	Austur
	♠ ÁKG92	♠ 104
	♥ KD32	♥ G107
	♦ 109	♦ KDG2
	♣ D3	♣ Á1097

Vestur	Austur
1 ♠ = 12-20, 5♠+	1 G = 6-12, krafa
2 ♥ = 12-16, 5♠+ og 4♥+	2 G = 11-12, jöfn sk.
3 G = áskorun tekið	pass

Með góðan lit (eða fitt) er óhætt að krefja í geim með 11 HP á móti hálitarnun. En ef skiptingin er jöfn þarf að fara heldur hægar. Leiðin er sú að segja 1G fyrst, svo 2G í kjölfarið við minnsta svari opnara. Kröfugrandið inniheldur sem sagt tvenns konar 11-12 HP hendur: jafna skiptingu með þrilitarfitt (dæmi 3) og jafna skiptingu með tvísþil (jafnvel einsþil) í opunarlitnum (dæmi 4).

Svör við sagnæfingum 5 og 6

5)	Vestur ♠ ÁDG98 ♥ 53 ♦ ÁDG3 ♣ Á3	Austur ♠ 105 ♥ ÁD94 ♦ 1074 ♣ D1087
	Vestur 1 ♠ = 12-20, 5 ♠+ 3 ♦ = 17-20, 5 ♠+ og 4 ♦+ pass = OK	Austur 1 G = 6-12, krafa 3 G = stopp í ♣/♥

Vestur sýnir sterka opnun með eðlilegu stökki upp á þriðja þrep.

6)	Vestur ♠ K6532 ♥ Á54 ♦ Á97 ♣ D3	Austur ♠ 74 ♥ KD10987 ♦ 4 ♣ KG72
	Vestur 1 ♠ = 12-20, 5 ♠+ 2 ♦ = 12-16, 5 ♠ og 3 ♦+ 4 ♥ = áskorun tekið	Austur 1 G = 6-12, krafa 3 ♥ = 6♥+, áskorun pass

Austur hefur nokkurn geimmetnað og sýnir hann í verki með því að stökkva í 3♥ yfir lágmarkssvari opnara. Með veikari spil (sama hjartalit en ekki laufkóng, svo dæmi sé tekið) myndi austur láta 2♥ duga. Svar beint á 2♥ við opnun á 1♠ er geimkrafa og austur getur ekki krafði í geim með 9 HP þrátt fyrir góð millispil og fallega skiptingu.

Svör við sagnæfingum 7 og 8

7)	Vestur	Austur
	♠ ÁG7	♠ 984
	♥ ÁD1052	♥ 3
	♦ 84	♦ G652
	♣ K105	♣ ÁG972

Vestur	Austur
1 ♥ = 12-20, 5♥+	1 G = 6-12, krafa
2 ♣ = 12-16, 5♥ og 3♣+	pass = góður bútur!

Fyrirfram virðist það vera veikleiki í kerfinu að neyðast til að segja 2♣ á þrít, en sá meinti ókostur getur verið kostur.

8)	Vestur	Austur
	♠ KG4	♠ ÁD3
	♥ Á9762	♥ 4
	♦ 2	♦ G943
	♣ ÁD43	♣ KG987

Vestur	Austur
1 ♥ = 12-20, 5♥+	1 G = 6-12, krafa
2 ♣ = 12-16, 5♥ og 3♣+	3 ♣ = 5♣+, áskorun
3 ♠ = styrkur í spaða	5 ♣ = veikur tígull
pass	

Austur fer í gegnum kröfugrand og sýnir geimáhuga í næsta hring með því að hækka 2♣ í þrjú. Vestur er til í tuskið og þreifar fyrir sér með 3♠, sem er styrkmelding í leit að 3G. Austur á líka kjöt í spaða og veikan tígul og velur því laufgeimið frekar en þrjú grönd.

Bergen

Hækkun í hálit er skilgreind í samspili við tvo-yfir-einum og kröfugrand. Eins og fram hefur komið er kröfugrand notað til að lýsa 11-12 HP höndum með þríltarstuðning. Spilum eins og ...

♠	K 3
♥	D 9 7
♦	Á 3 2
♣	D 10 9 8 2

Opnun á 1♥ er svarað með 1G og síðan er stokkið í 3♥ næst við minnstu sögn opnara. Ef kröfugrand er ekki notað verður að segja 3♥ beint með svona spil.

Er það svo slæmt?

Út af fyrir sig ekki, nema hvað sögnin er þá ekki notuð í annað á meðan. Og reynslan hefur kennt spilurum að það kemur betur út að nota stökkstuðninginn til hindrunar með FJÓRLIT.

♠	6
♥	G 6 5 2
♦	D 10 9 4 3
♣	4 3 2

Ótrúlegt en satt—með svona hönd kemur vel út að svara opnun á 1♥ með stökki í 3♥! Í hindrunarskyni, auðvitað, því makker má ekki taka sögnina alltof alvarlega. Ef opnari á lágmark fer hann sennilega 1-3 niður, en

það er nánast alltaf góð fórn á bút eða geim sem mótherjarnir eiga í spilinu. Rannsóknir sýna að það kemur vel út að berjast upp á þriðja þrep í níu-spila trompfitti, alveg *burtséð frá styrk*.

Þessi staðreynd liggur að baki svonefndum **Bergen**-hækkunum í hálit, sem margir spila. Þá eru þrjár sagnir notaðar til að sýna fjórlitarstuðning og mismunandi punktastyrk: bein hækkun í þrjá í hálitnum er veikasta sögnin, en sagnirnar 3♣ og 3♦ eru nýttar til að sýna fjórlit og sterkari spil:

OPNUN

1♥/1♠

SVAR

3♥/3♠ = fjórlitur í hálitnum og 0-5 HP

3♣ = fjórlitur í hálitnum og 10-12 HP

3♦ = fjórlitur í hálitnum og 6-9 HP

Hækkun í hálit — yfirlit

Pegar reglurnar um tvo-yfir-einum, kröfugrand og Bergen koma saman, má ramma inn stuðningssagnir í hálit af mikilli nákvæmni:

- (1) $1\spadesuit-2\spadesuit$ = 6-10 punktar, þrílitur í spaða
♠K53 ♥87 ♦Á8543 ♣G92
- (2) $1\spadesuit-1G \mid 2\clubsuit-2\spadesuit$ = 6-10 HP, tvílitur í spaða
♠D2 ♥DG93 ♦8754 ♣K32
- (3) $1\spadesuit-1G \mid 2\clubsuit-3\spadesuit$ = 11-12 HP, þrílitur í spaða
♠ÁG5 ♥K7 ♦DG93 ♣5432
- (4) $1\spadesuit-3\clubsuit$ = 10-12 HP, fjórlitur í spaða (Bergen)
♠DG54 ♥83 ♦ÁD5 ♣D1032
- (5) $1\spadesuit-3\diamondsuit$ = 6-9 HP, fjórlitur í spaða (Bergen)
♠Á865 ♥6 ♦1097 ♣K9642
- (6) $1\spadesuit-3\spadesuit$ = 0-5 HP, fjórlitur+ í spaða (Bergen)
♠G1097 ♥643 ♦2 ♣DG987
- (7) $1\spadesuit-4\spadesuit$ = 6-10 HP, fimmlitur+ í spaða
♠KG654 ♥Á9 ♦G9765 ♣4
- (8) $1\spadesuit-2\clubsuit \mid 2♥-4\spadesuit$ = 12-14 HP, þrílitur+ í spaða (og lauf)
♠ÁD4 ♥83 ♦G98 ♣ÁG1084
- (9) $1\spadesuit-2\clubsuit \mid 2G-3\spadesuit$ = 15+ HP, þrílitur+ í spaða (og lauf)
♠KD53 ♥Á73 ♦D2 ♣KG97
- (10) $1\spadesuit-2G$ = slemmuáhugi, fjórlitur+ í spaða
♠K9864 ♥Á865 ♦Á7 ♣K3

Rétta sögnin — æfingar

Makker opnar á 1♥ og þú átt að svara:

(1) ♠G1098 ♥Á9 ♦KG654 ♣G3 svar _____

(2) ♠53 ♥9 ♦KDG8762 ♣KG2 svar _____

(3) ♠K43 ♥4 ♦DG108764 ♣86 svar _____

(4) ♠K83 ♥D5 ♦1098 ♣DG986 svar _____

(5) ♠G2 ♥K98 ♦ÁD83 ♣D852 svar _____

* * *

Makker opnar á 1♠ og þú átt að svara:

(6) ♠D83 ♥Á10987 ♦G76 ♣43 svar _____

(7) ♠10976 ♥7 ♦D972 ♣8764 svar _____

(8) ♠K865 ♥K4 ♦D54 ♣10976 svar _____

(9) ♠DG62 ♥87 ♦532 ♣ÁKG2 svar _____

(10) ♠G8764 ♥8 ♦K9763 ♣D2 svar _____

Rétta sögnin — svör

Makker opnar á 1♥ og þú átt að svara:

- (1) 1♠. Of fáir punktar í 2♦ og svar á 1G neitar spaðalit.
- (2) 2♦. Með þeirri áætlun að segja 3♦ næst (8-11 HP).
- (3) 1G. Hugmyndin er svo að segja tígul næst (undir 8 HP).
- (4) 1G. Síðan pass við 2♣, en 2♥ við 2♦ (tvíspil og 6-10).
